



## Minnisblað - 2005008

Til: Byggðarráðs

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Umfjöllun nefnda um fjárhagsáætlun.*

Dags.: 7.10.2020

---

Umhverfis- og skipulagsnefnd, atvinnumálanefnd, menningarmálanefnd og stjórn Silfurtúns hafa fjallað um drög að fjárhagsáætlun.

### **ÚR FUNDARGERÐ 11. FUNDAR MENNINGARMÁLANEFNDAR 15.09.2020:**

#### **2. 2005008 - Fjárhagsáætlun 2021 - 2024**

*Umræða um fjárhagsáætlun 2021-2024 og verkefni menningarmálanefndar*

Nefndin fer yfir málaflokka sem heyra undir nefndina.

#### **3. 1912011 - Byggðasafn Dalamanna - Staðarfell**

*Farið yfir stöðu mála með Byggðarsafn Dalamanna að Staðarfelli*

Nefndin fagnar ákvörðun sveitarstjórnar um að byggðarráð skuli hefja viðræður við ríkið um að Byggðasafn Dalamanna verði staðsett á Staðarfelli og hvetur byggðarráð áfram í verkefninu. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipuð verði verkefnastjórn til að vinna að framtíðarskipulagi og uppbyggingu starfseminnar á Staðarfelli. Tryggja þarf fjármagn í fjárhagsáætlun til verkefnisins.

#### **5. 2009004 - Menningarmálaverkefnasjóður**

*Formaður kynnir hugmynd um menningarmálaverkefnasjóð.*

Lagt er til að stofnaður verði sjóður þar sem menningarmálanefnd getur fengið umsóknir um styrki og úthlutað til menningarmálaverkefna í Dalabyggð. Sveitarstjórn tryggi sjóðnum fjármagn á fjárhagsáætlun, í fyrsta sinn 2021. Nefndin leggur til að samdar verði reglur um hlutverk sjóðsins og úthlutun úr honum. Verkefnastjóra falið að vinna áfram.

### **ÚR FUNDARGERÐ 18. FUNDAR ATVINNUMÁLANEFNDAR 22.09.2020:**

#### **2. 2009012 - Umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða**

*Rætt um umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og stöðu verkefna sem hafa fengið úthlutun.*

Nefndin felur verkefnastjóra og umsjónarmanni framkvæmda að skoða mögulegan kostnað við framkvæmd við Klofning og undirbúa umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

#### **6. 2005008 - Fjárhagsáætlun 2021 - 2024**

*Farið yfir áætlun til málaflokka sem heyra undir atvinnumálanefnd.*

Nefndin bendir á að taka þarf tillit til þess á fjárhagsáætlun ef hefja skal undirbúning að uppbyggingu íþróttamannvirkja.

## **ÚR FUNDARGERÐ 108. FUNDAR UMHVERFIS- OG SKIPULAGSNEFNDAR 2.10.2020:**

### **1. 2005008 - Fjárhagsáætlun 2021 - 2024**

*Rafræn drög fjárhagsáætlunar Dalabyggðar tímabilið 2021 - 2024.*

Ingibjörg Jóhannsdóttir, bókari sveitarfélagsins, kom og útskýrði þann hluta fjárhagsáætlunar sem snýr að umhverfis- og skipulagsmálum Dalabyggðar. Athugasemd var gerð við þann hluta er snýr að kostnaði í tengslum við svæðisskipulagsvinnu en ráðgert er að svæðisskipulagsnefnd, sem Dalabyggð er aðili að, fundi á komandi misserum með tilheyrandi kostnaði.

### **2. 2003023 - Áætlun um refaveiðar 2020-2022**

*Áætlun um refaveiðar 2020-2022 sem hluti af fjárhagsáætlun.*

Nefndin gerir athugasemd við að greiðslur til veiðimanna fyrir veidd dýr hafi staðið í stað í tæplega tvo áratugi. Kostnaður veiðimanna hefur á sama tíma haldið í við verðlag og veiðar standa því ekki undir kostnaði. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar og Umhverfisstofnunar að þetta þarfnist endurskoðunar.

Vegna friðunar á refastofninum norðan við Dalabyggð hefur ágangur refa stóraukist í sveitarfélaginu. Eðlilegt væri að auka kvóta veiddra dýra í samræmi við það.

Nefndin bendir á að endurgreiðsluhlutfall Umhverfisstofnunar er ekki í samræmi við núverandi stærð sveitarfélagsins og breyttar aðstæður.

Nefndin telur eðlilegt að Náttúrufræðistofnun Íslands standi straum af þeim kostnaði sem fellur til vegna þeirra sýna sem stofnunin kallar eftir.

Nefndin bendir á að vegna breyttra aðstæðna með minkasíur þarf að endurskoða verklag um minkaveiðar þar sem meira er farið að sjást af mink á svæðinu.

Hörður og Vilhjálmur viku af fundi undir þessum lið og Viðar Ólafsson sat fundinn undir þessum lið.

## **ÚR FUNDARGERÐ 37. FUNDAR STJÓRNAR SILFURTÚNS 6.10.2020:**

### **3. 2005008 - Fjárhagsáætlun 2021 - 2024**

Farið yfir fjárhagsáætlun. Rætt um Sögu-kerfið, þjónustusamninga og fjárfestingar á næsta ári.

Hjúkrunarframkvæmdastjóra falið að fá upplýsingar um verð á baðstól og leggja fyrir næsta fund stjórnar.

Ingibjörg Jóhannsdóttir aðalbókari og Magnína Kristjánsdóttir skrifstofustjóri sátu fundinn undir dagskrárlið 3.